



Hluthafafundur Landsbankans hf.

27. mars 2013

## Fundargerð

Hluthafafundur Landsbankans hf. var haldinn miðvikudaginn 27. mars 2013 kl. 15:00 í bankaráðsherbergi Landsbankans, Austurstræti 11 í Reykjavík.

Fundurinn var haldinn í tengslum við uppgjör Landsbankans hf. á skilyrtu skuldabréfi gagnvart LBI hf. og afhendingu hlutabréfa LBI á móti til ríkisins og Landsbankans.

Á fundinn mættu Guðrún Ragnarsdóttir og Jón Gunnar Jónsson f.h. Bankasýslu ríkisins, Pétur Guðmundarson, ráðgjafi Bankasýslunnar, Ólafur Helgi Ólafsson og Þorsteinn Garðarsson f.h. Landskila ehf. auk Ársæls Hafsteinssonar og Jakobs Bjarnasonar frá LBI.

Einnig voru viðstaddir fundinn Steinþór Pálsson, Kristinn Briem, Hreiðar Bjarnason, Hallgrímur Ásgeirsson frá Landsbankanum og Andri Árnason.

Fundurinn hófst með því að Steinþór Pálsson, bankastjóri, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Steinþór gerði það að tillögu sinni að Andri Árnason, hæstaréttarlögmaður, yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt. Andri tók við stjórn fundarins og lagði til að Kristinn Briem yrði kjörinn fundarritari og var það samþykkt.

Fundarstjóri skýrði frá því í upphafi að á fundinn væru mættir báðir hluthafar Landsbankans og að hann hefði verið boðaður innan tilskilinna tímamarka samkvæmt samþykktum bankans. Fundurinn teldist því vera lögmætur.

Fyrst á dagskrá fundarins var tillaga um heimild Landsbankans til að eignast allt að 500 milljón eigin hluti að nafnverði.

Með fundarboði bankans dags. 20. mars sl. hafði borist eftirfarandi tillaga:

*„Hluthafafundur samþykkir í samræmi við 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 heimild til handa bankaráði þess efnis að Landsbankinn eignist allt að 500 milljónum eigin hluta að nafnverði, sem ráðstafað verður til starfsmanna í samræmi við starfskjarastefnu bankans. Heimild þessi gildir í 5*



ár.“

Bankasýsla ríkisins lagði jafnframt fram fyrir fundinn eftirfarandi breytingatillögu, dags. 27. mars:

*„Samkvæmt FABIA-samningi (Framework and Bond Issuance Agreement), á milli Landsbanka Íslands hf. (nú LBI hf.), NBI hf. (nú Landsbankans hf.) og fjármálaráðuneytisins, sem undirritaður var 15. desember 2009, mun LBI hf. afhenda eignarhluti sína í Landsbankanum hf. annars vegar til ríkisins og hins vegar til Landsbankans hf., við útgáfu á skilyrtu skuldabréfi Landsbankans hf. til LBI hf.*

*Hluthafafundur samþykkir í samræmi við 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 heimild þess efnis að Landsbankinn hf. eignist allt að 500 milljón eigin hluti að nafnverði. Móttöku hlutanna fylgir sú skuldbinding að hlutunum skal ráðstafa til starfsmanna í samræmi við kaupaukakerfi, sem Landsbankinn hf. kemur á í samræmi við lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og reglur Fjármálaeftirlitsins um kaupaukakerfi fjármálafyrirtækja, nr. 700/2011, og er samþykkt á sérstökum hluthafafundi, sbr. 5. gr. núgildandi starfskjarastefnu Landsbankans hf. Er öll önnur ráðstöfun þessara hluta óheimil nema með samþykki hluthafafundar.“*

Breytingartillaga Bankasýslunnar var síðan borin upp til atkvæða og samþykkt samhljóða.

Undir dagskrárlið númer 2 var til umræðu tilhögun á frágangi og afhendingu skilyrts skuldabréfs gegn afhendingu á hlutabréfum í Landsbankanum hf.

Bankastjóri gerði grein fyrir framvindu mála í tengslum við uppgjör skilyrta skuldabréfsins og kom fram að beðið væri eftir lokaskýrslu Deloitte um verðmat vegna þess. Framkvæmd við uppgjör mun fylgja ákvæðum Fabia samningsins og vera með aðkomu lögmanna frá Logos og Landslögum, samkvæmt samningnum, til að tryggja að allt fari rétt fram. Ákveðið hafi verið að skuldabréfin yrðu þrjú í sitt hverri myntinni og von væri á að lokið yrði við skjalagerð og annan frágang fyrir miðjan apríl. LBI mun þá fá í hendur skuldabréfin og afhenda á móti hlutabréfin til ríkisins og til Landsbankans.

Fram kom sú afstaða LBI nú vantaði einungis endanlega staðfestingu frá aðilum og þá yrði gengið frá skilyrta skuldabréfinu eins og bankastjóri hafði gert grein fyrir. Fram kom að Landsbankinn ætti kröfu á LBI á grundvelli „Set-off“ samnings að fjárhæð um 130 milljónir kr. og mun sú fjárhæð dragast frá skilyrta skuldabréfinu. Ágreiningsmálum vegna set-off krafna



sem komu til fyrir 15. desember 2009 sbr. ætti hins vegar að halda aðskildum frá útgáfu skilyrta skuldabréfsins og skilum á hlutabréfunum.

Engin önnur mál lágu fyrir fundinum.

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 15:30.

Andri Árnason  
Fundarstjóri

Kristinn Briem  
Fundarritari